

74

14. júní

Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Emil Rokstad, um að honum verði leyft að flytja hér í land hund, sem kom hingað á gufuskípinu »Flora« 12. þ. m.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga, og
- 2) að hundinum sé haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga og að hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum Rokstad hefir verið tilkynt leyfi þetta héðan.

75

30. apríl

Reglugjörð**um styrktarsjóð handa barnakennurum.**

Samkvæmt lögum nr. 18, 9. júlí 1909, um styrktarsjóð handa barnakennurum, er sett eftirfarandi reglugjörð fyrir sjóðinn:

1. gr.

Stofnfé styrktarsjóðs handa barnakennurum landsins er 5000 kr., sem landssjóður leggur til.

2. gr.

Hver sá kennari, sem ráðinn er til kenslustarfa samkvæmt lögum um fræðslu barna frá 22. nóv. 1907, greiðir í sjóðinn á ári hverju 1% af kennaralaunum sínum, séu þau ekki hærri en 500 kr., 1½% séu þau yfir 500 kr. og alt að 1000 kr. og 2% ef þau eru yfir 1000 kr. Auk þess fær sjóðurinn 1000 kr. styrk úr landssjóði árlega.

3. gr.

Þriggja manna nefnd skal stjórna styrktarsjóðnum undir yfrumsjón landsstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónarmaður fræðslumálanna, forstöðumaður kennaraskólans, og hinn þriðji maður, er stjórnarráðið til þess kýs.

75

Stjórnarnefndin skiftir svo með sér verkum, að einn er formaður, annar ritari og hinn þriðji gjaldkeri. Formaður kallar saman fundi og stýrir þeim; hann hefir á hendi aðalframkvæmd á störfum nefndarinnar að svo miklu leyti sem þau eru ekki með þessari reglugjörð falin öðrum nefndarmönnum. Ritari annast allar skriftir í þarfir stjórnarnefndarinnar, ritar í fundabók það, sem gerist á fundum hennar, ritar í bréfabók meðtekin og send bréf og annast bréfaskriftir með ráði formanns. Gjaldkeri tekur við öllum tekjum sjóðsins, og greiðir gjöld hans eftir ávisun formanns; gjaldkeri heldur sérstaka kassabók og ritar þar í allar peningaupphæðir, er sjóðurinn fær eða geldur út, svo ritar hann í sérstaka bók ársreikninga sjóðsins.

4. gr.

Stjórnarnefndin heldur einn aðalfund á ári, í febrúarmánuði, og auka-fundi, þegar einhver nefndarmanna óskar þess.

5. gr.

Því að eins getur kennari fengið styrk úr sjóðnum, að hann sé styrk-purfi; hann skal og hafa verið barnakennari að minsta kosti í 10 ár og hafa greitt tillag til sjóðsins að minsta kosti í 3 ár, nema hann hafi orðið að láta af kennarastörfum sakir heilsubilunar.

6. gr.

Styrkur til barnakennara er veittur einu sinni á ári, í febrúarmánuði. Styrkbeiðnir skulu stílaðar til formanns stjórnarnefndarinnar, og eiga þær að vera komnar til hans fyrir nýár.

Lægri styrk en 100 kr. má nefndin eigi veita.

7. gr.

Sá, er beiðist styrks úr sjóðnum, láti styrkbeiðni sinni fylgja nákvæma og sanna skýrslu um efnahag sinn og aðrar ástæður, og skal hlutaðeigandi sýslumaður rita á skýrsluna vottorð um réttleika hennar í öllum aðalatriðum. Styrk-beiðandi skal og senda skilríki fyrir því, að hann hafi verið barnakennari að minsta kosti 10 ár.

Nú hefir styrkbeiðandi þurft að láta af kenslustörfum sakir vanheilsu, og skal hann þá einnig láta fylgja styrkbeiðninni vottorð lækni um, að hann megi ekki gegna kenslustörfum.

75

8. gr.

Eigi skal verja til styrkveitinga nema vöxtum sjóðsins, þangað til hann er orðinn 20000 kr., en síðan $\frac{3}{4}$ af öllum árstekjum hans; hitt bætist við höfuðstólinn; við hann skal og leggja gjafir þær, er sjóðnum kunna að hlotnast, nema öðruvísi sé ákveðið af gefanda.

9. gr.

Gjald það, er hverjum kennara ber að greiða til sjóðsins samkvæmt 2. gr. skal greitt í Reykjavík af þeim landssjóðsstyrk, sem hreppi hans eða bæjar-sjóði er veittur ár hvert til barnafræðslu, og heldur skólanefnd eða fræðslunefnd því eftir af launum hans. Nú hefir bæjarsjóður eða hreppssjóður eitthvert ár fyrir einhverra hluta sakir ekki fengið neinn landssjóðsstyrk, og skal þá skólanefnd eða fræðslunefnd standa skil á gjaldinu til gjaldkera.

10. gr.

Fyrir fé sjóðsins skal stjórnarnefnd hans kaupa bankavaxtabréf Landsbankans og skal hún sjá um, að bréfin séu færð inn í bækur veðdeildarinnar sem eign sjóðsins og síðan send stjórnarráðinu til þess að þar verði ritað á þau afhendingarbann.

Því fé, sem gjaldkeri tekur við, skal komið á vöxtu í sparissjóði meðan því er eigi varið til bankavaxtabréfskaupa.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningur sjóðsins skal í janúarmánuði ár hvert sendur stjórnarráðinu, sem úrskurðar hann og kvittar fyrir.

Í stjórnarráði Íslands, 30. apríl 1910.

Björn Jónsson.

Eggert Briem.